



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

## **SVARTSENGI**

**Borun vinnsluholu HSH-14 í gufupúðann  
Lokaskýrsla**

Sigurður Benediktsson, Ásgrímur Guðmundsson  
og Grímur Björnsson

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

OS-93012/JHD-07 B

Mars 1993



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630 221

## **SVARTSENGI**

**Borun vinnsluholu HSH-14 í gufupúðann**

**Lokaskýrsla**

Sigurður Benediktsson, Ásgrímur Guðmundsson  
og Grímur Björnsson

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

OS-93012/JHD-07 B

Mars 1993

EFNISYFIRLIT

	bls.
1. INNGANGUR	3
2. LÝSING BORHOLU	3
3. BORSAGA	3-5
4. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR	6-9
5. BORHOLUMÆLINGAR	10-13
MYND 1, UPPSTILLING BORS Á BORKJALLARA	14
MYND 2, BORHRAÐI, VERKDAGAR	15
MYND 3, SNIÐ BORHOLU MEÐ FÓÐRINGUM	16
MYND 4, JARÐLAGASNIÐ FYRIR HOLUR 2-3-14 OG 15	17
MYND 5, FRÁGANGUR HOLU Í VERKLOK	18
MYND 6, FRÁGANGUR Á HOLUTOPPI	19
MYND 7, STEYPING 13 3/8" FÓÐRINGAR	20
MYND 8, STEYPING Í LEKA 1	21
MYND 9, STEYPING Í LEKA 2	22
MYND 10, STEYPING Í LEKA 3	23
MYND 11, STEYPING 9 5/8" VINNSLUFÓÐRINGAR	24
MYNDIR 12-15, BORHOLUMÆLINGAR	25-28
MYNDIR 16-18, HITAMÆLINGAR	29-31
MYNDIR 19-21, ÞRÝSTIMÆLINGAR	32-34
TAFLA 4A	35
TAFLA 4B	36
VIÐAUKI I FÓÐRINGARSKÝRSLUR JARÐBORANA hf	37
VIÐAUKI II BORSKÝRSLUR JARÐBORANA hf	43

## 1. INNGANGUR

Í skýrslu þessari er lýst borun holu HSH-14 í Svartsengi með Narfa. Holan er boruð eftir verklýsingu í skýrslu Orkustofnunar OS-92036/JHD-17 B með breytingum samkvæmt skýrslu OS-92052/JHD-28 B. Verkið er unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Holan var forboruð með höggbor sem lýst er í Áfangaskýrslu OS-92042/JHD-23 B.

## 2. LÝSING BORHOLU

Borað var með 17 1/2" borkrónu í 100,4 m og fóðrað með 13 3/8" fóðringu í 99 m dýpi og fóðringin steipt, síðan var borað með 12 1/4" borkrónu í 197 m og fóðrað með 9 5/8" fóðringu í 195 m og fóðringin steipt. Borað var áfram með 8 1/2" borkrónu í 612 m dýpi og fóðrað með 7" leiðara. Yfirprýstingur var í holunni í borun niður í 347 m. Í skýrslunni eru teknar saman þær upplýsingar sem safnað var við borunina. Borað var á tveimur vöktum óslitið allan sólarhringinn uns verkinu var lokið. Borunin tók þrjátíu og þrjá daga og gekk vel þrátt fyrir hrun sem varð í holunni, leka sem erfitt var að þétta í borun og yfirprýsting í holunni, sem olli þremur smágosum í borun. Endanlegur frágangur á holunni er sýndur á mynd 1.

## 3. BORSAGA

### 3.1 Borun 1. áfanga.

Bor Jarðborana hf, Narfi, var fluttur á staðinn þriðjudaginn 12. janúar 1993. Borun 1. áfanga fyrir öryggisfóðringu hófst kl. 15:00 föstudaginn 15. janúar. Borað var niður úr 18 5/8" yfirborðsfóðringu sem höggbor hafði borað fyrir og steipt niður í 33,5 m áður en borinn kom á staðinn. Borað var með 17 1/2" hjólakrónu og vatni. Bergið var hart frá 33,5 m en linaðist í 47,2 m og lint með hörðum köflum í milli, harðara frá 91,8 m niður í fóðringardýpi í 100,4 m. Borun var lokuð kl. 01:00 aðfaranótt sunnudagsins 17. janúar. Holan var hita og víddarmæld og fóðruð með 13 3/8" fóðringu niður í 99 m. Smá leki var í 55 m dýpi í holunni. Blandað var sement úr 210 pokum af kísilsalla, 11 pokum af geli, 20 pokum af perlusteini og 21 tonnum af portland sementi. Fóðringin var steipt með 23,3 tonnum af sementsblöndu mánudaginn 18. janúar kl. 11:00 -12:00. Skorið var ofan af fóðringu og skift var um holutopp þriðjudaginn 19. janúar og farið í helgarfrí (næturvaktin lenti í bílveltu en enginn slasaðist alvarlega). Borun fyrsta áfanga var þar með lokið og hafði tekið 8 verkdaga með flutningi bors.

### 3.2 Borun 2. áfanga.

Borun annars áfanga tók við eftir frihelgi á bornum. Öryggislokar voru tengdir og prófaðir með 20 bara þrýstingi. Borun með 12 1/4" hjólakrónu og einni stýringu hófst kl. 17:30 föstudaginn 22. janúar. Steypa í röri var í 89 m dýpi. Bergið var hart niður í 123 m dýpi en linaðist þá verulega. Laugardaginn 23. janúar þegar komið var í 147,3 m var 6,5 m botnfall í holunni sem ekki tókst að skola upp og var þá ákveðið að steypa í hrúnið. Í upptektinni stóð einstreymisloki á sér svo það rann upp úr stöngum og holan var komin að gosi þegar öryggislokum var lokað og hafin dæling á holuna. Dælt var á holuna um 8 l/s með 170 psi þrýstingi frá kl. 17:30 laugardaginn 23. janúar. Vegna óveðurs var ekki hægt að halda áfram við upptekt svo að dælt var áfram um 8 l/s með 150 psi þrýstingi til kl. 8:00 mánudaginn 25. janúar. Upptekt var lokið kl. 10:00. Holan var víddarmæld og síðan steipt á toppinn gegnum borstöng. Steipt var úr 7 tonnum af sementi kl. 15:00 og því þrýst niður með 7.100 lítrum af vatni. Þegar setja átti borkrónuna niður opnaði belggosvarinn ekki nægilega og tók 5 tíma að þýða hann þar til hann opnaðist. Steypa byrjaði á 75 m dýpi innan í fóðringunni. Í 116 m linaðist steypan og náði í 121 m. Komið í botnfall í 130 m. Ákveðið var að bora áfram með geli til að yfirstíga erfiðleikana vegna hrunsins í holunni. Leðjugæs var tengd í stað dælu sem notuð var við utanádælingu. Borun með geli hófst kl. 24:00 aðfaranótt miðvikudagsins 27. janúar. Borað var niður í 139 m dýpi en þá gaf sig lögnin frá leðjugæsinni upp í karið. Hitastig á borleðjunni var þá um 55 °C. Haldið áfram að skola upp botnfalli niður í 147,5 m dýpi til kl. 15:30 miðvikudaginn 27. janúar.

Borað var áfram með geli. Skolhiti var 65 °C í 154 m dýpi og kominn í 84 °C í 170 m dýpi en þá var geli skift út til að lækka hitann á skolinu. Hiti var þá 71 °C. Borað var áfram með geli en þegar komið var í 178,9 m dýpi kl. 9:30 fimtudaginn 28. janúar var hitinn á skolinu kominn upp undir 100 °C vegna innstreymis á heitu vatni í holuna og var þá skift yfir í borun með vatni. Borað var áfram með vatni. Við íbætingu á stöngum í 194,4 m runnu um 5 l/s af vatni úr holunni og á miðnætti 29. janúar þegar komið var í 197,4 m dýpi runnu um 10-15 l/s úr holunni. Ákveðið var að bora ekki dýpra fyrir fóðringu og var frárennsli lokað og lokað að stöngum og hafin dæling í gegnum borstrenginn á miðnætti aðfaranótt föstudagsins 29. janúar til að kæla holuna. Dælt var 10-15 l/s og var mótþrýstingur um 150 psi. Ekkert vinnuveður var vegna óveðurs og var því dælingu haldið áfram. Föstudaginn 29. janúar kl. 12:00 var utanádæling hafin. Þrýstingur á holutoppi var þá 11 bar (um 160 psi). Ekkert var hægt að gera vegna óveðurs. Haldið var áfram utanádælingu. Laugardaginn 30. janúar kl. 10:00-12:00 var loks hitamælt í borstreng fyrir upptekt. Hafin var upptekt á borstreng kl. 12:00 en á 157 m dýpi festist borstrengurinn en það tókst að losa hann kl. 17:00 og var upptekt lokið kl. 20:00. Þá var hita og skápamælt. Stór skápur byrjar á 130 m dýpi en botnfall var í 136 m dýpi. Á miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 31. janúar var sett niður borkróna til að reyna að hreinsa holuna. Var skolað niður í 145,4 m og miklu magni af hruni dælt upp. Botnfall var í 136 m eftir þessa aðgerð. Tekið var upp og ein stöng sett í holuna og lokað að með stangarlokanum. Utanádæling var höfð á allan tímann. Bormenn fóru í helgarfrí kl. 20:00 sunnudaginn 31. janúar og tók þá dæluvakt við. Dælt var á holutopp og var þrýstingur um 8 bar. Miðvikudaginn 3. febrúar eftir helgarfrí var holan hitamæld fyrir steypingu. Steypt var úr 7 tonnum af sementi á holutoppinn og dælt um 7.000 lítrum af vatni á eftir. Steypan var látin harðna í 8 tíma en þá var holan opnuð. Rennsli var úr holunni svo lokað var aftur og steypan látin harðna til kl. 1:00 en þá var hafin niðursetning borkrónu og því lokið kl. 5:00. Steypu varð vart í 100 m. Þá varð 2,5 tíma töf vegna skemdar á "Kelly"-slöngu og að frosið var í "Standpipe". Borað var steypuhröngl niður í 130 m en þar var 1 m af steypu boraður. Hreinsað var áfram í 145,4 m og kom mikið svarf upp sem áður en féll alltaf undir aftur upp í 136 m. Þessi lélega steypa sem reyndist vera í holunni stafaði sennilega af því að hún hefur ekki verið orðin nógu hörð þegar holan var fyrst opnuð og hefur þá steypan runnið upp undan vatninu sem upp kom. Tekið var upp og steypt aftur sem fyrr en nú úr 15 tonnum af sementi og um 7.000 lítrum af vatni dælt á eftir. Steypt var kl. 17:30 fimmtudaginn 4. febrúar. Steypan var látin harðana í 9,5 tíma en niðursetning á borkrónu tók 4 tíma vegna óveðurs. Steypu varð vart á 86 m dýpi og boruð var hæfilega hörð steypa frá 90 m niður í 100 m en eftir það var boruð kolhörð steypa til kl. 17:00 föstudaginn 5. febrúar niður í 108 m en þá varð að gera hlé á boruninni vegna illviðris. Liðnir voru um 22,5 tímar frá því að steypt var. Óveður hélst til kl. 4:00 aðfaranótt laugardagsins 6. febrúar en þá var tekið upp og bætt í 4 álagsstöngum. Boruð var áfram kolhörð steypa með 1-5 tonna álagi niður í 132,5 m og síðan botnfall niður í 149 m en þar féllu 7 m af botnfalli í holuna þegar átti að bæta í stöng. Lagaður var geltappi og var þá hægt að bæta í stuttri stöng svo komist var í 152,3 m kl. 19:30 sunnudaginn 7. febrúar. Þar var hætt, skolað og tekið upp. Holan var skápamæld og steypt úr 10 tonnum af sementi á holutoppinn kl. 23:30. Dælt var um 10.300 lítrum af vatni á eftir steypunni. Steypan var látin harðna til kl. 8:00 (í 7,5 tíma) en þegar setja átti niður borkrónu opnaðisr gosvarinn ekki nógu vel svo það tók 4 tíma að koma borkrónunni niður. Komið var niður á frekar harða steypu (búin að harðna í 11,5 tíma) á 104 m dýpi mánudaginn 8. febrúar kl. 12:00. Boruð var steypa frá 139 m og hrun frá 145 m niður í fóðringardýpi í 197 m og var því lokið kl. 12:30 þriðjudaginn 9. febrúar. Vel tókst til að hreinsa holuna og var ekkert botnfall í henni. Aðeins vætlaði úr henni. Tekið var upp og holan hita-, gamma-, víddar- og hallamæld. Halli mældist 2° í 165 m. Mælingum var lokið kl. 20:00 (tóku 4,5 tíma). Ekkert var hægt að hefja fóðrun holunnar með 9 5/8" fóðurrörum fyrr en kl. 2:00 aðfaranótt miðvikudagsins 10. febrúar vegna veðurs. Lítilsháttar rennsli var úr holunni og var lokað að fóðringunni með gosvara og dælt niður köldu vatni eftir þörfum meðan á fóðrun stóð. Fóðrun niður á 195 m dýpi var lokið kl. 11:30 og var fóðringunni dælt síðustu 3 m niður í botnfall sem varð meðan á fóðrun stóð. Holan var kæld með dælingu gegn um fóðringuna meðan blandað var upp sementi. Fóðringin var steypt miðvikudaginn 10. febrúar kl. 17:30 með 18 tonnum af G-blöndu. Holan steyptist upp.

Steypan seig um 1,5 m niður milli röra og var það fyllt upp með steypu síðar. Steypan var látin harðna í 12 tíma og unnið við holutopp á meðan. Hafist var handa við að taka ofan af holunni kl. 8:00 fimmtudaginn 11. febrúar, soðinn nýr holuflans (casinghead) á holuna, nýr holuloki settur á holuna og gengið frá öryggislokum fyrir framhalds borun. Þessu var lokið föstudaginn 12. febrúar kl. 8:00 og fóru bormenn þá í helgarfrí. Borun annars áfanga tók 20 daga.

### Borun 3. áfanga.

3.3 Borun þriðja áfanga hófst að morgni mánudagsins 15. febrúar að lokinni fríhelgi bormanna. Sett var niður 8 1/2" borkróna og stýring og holan kæld. Borun steypu frá 156 m í 197 m var lokið kl. 18:30 og hófst þá borun í berg. Berg var mishart. Yfirprýstingur var í holunni niður í 347 m en þar hófst skoltap. Holan þéttist öðru hvoru en frá 419,7 m var skoltap 10-15 l/s. Skol kom upp þar til komið var í 586 m dýpi, en þá tapaðist allt (~30 l/s). Eftir það niður í botn tapaðist allt skol af og til. Bergið var graut lint. Fimmtudaginn 18. febrúar kl. 10:30 var borinn kominn í 606 m dýpi. Eftir að bætt hafði verið í stöng féll að borstrengnum svo hann festist í 602 m. Eftir tvo tíma losnaði strengurinn aftur og var borað í 612,4 m. Því var lokið til kl. 15:00. Eftir skolon í tvo tíma var tekið upp í 574 m fyrir mælingar. Hita og hallamælingar í streng tóku tvo tíma og lauk kl. 19:30. Hófst þá upptekt sem var lokið á miðnætti. Mælingar hófust á miðnætti, aðfaranótt föstudagsins 19. febrúar og lauk kl. 5:30. Gerðar voru hita, víddar, poruhluta og gammamælingar. Fóðrun með 7" leiðara hófst kl. 8:00 og lauk kl 20:00 föstudaginn 18. febrúar. Leiðara var lyft 10 m frá botnfalli í holunni og hengdur í 185 m í fóðringu. Gerðar voru þrepamælingar á holunni í 5,5 tíma og lauk þeim kl 1:30 aðfaranótt laugardagsins 20. febrúar. Að loknum frágangi kl. 8:00 að morgni laugardagsins 20. febrúar var vöktum slitið og borun holunnar þar með lokið. Borun þriðja áfanga tók 6 daga.

#### 4. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

Það hefur verið regla að fylgjast vandlega með borsvarfi á borstað þegar borað er í háhitasvæði bæði vegna öryggissjónarmiða og til að fá nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi holu jafnharðan. Þannig var skipan einnig á við borun holu HSH-14 í Svartsengi. Borsvarfi var safnað á tveggja metra fresti að undanskyldum efstu 30 metrunum, sem voru höggboraðir á s.l. ári og gefin út skýrsla þar um (OS-92042/JHD-23B). Ekki gafst kostur á að fylgjast náið með skolvatnsbreytingum, þar sem aðstæður við frárennsli holunnar voru þess eðlis að erfitt reyndist að koma þar að mæliútbúnaði. Reynt var að fylgjast nokkuð náið með stangaríbætingum, þá hvort sjálfrennsli væri til staðar eða hvort skolvatn tapaðist. Eftir að holan byrjaði að taka við vatni þá var reynt að meta breytingar á skoltapi út frá tímalengdinni sem tók vatnið að koma upp eftir að dæling var sett á í gegnum borstreng eftir stangaríbætingar.

Borsvarfið var greint á staðnum og útbúið jarðlagasnið og skoðuð dreifing ummyndunarsteinda. Í borlok var mæld vídd holunnar, þórhvuti (n-n) og náttúruleg útgeislun bergsins (n-gamma). Jarðlögin, vatnsæðar, borhraði og jarðlagamælinarnar eru teiknaðar upp á mynd x. Þar hafa gögnin verið sett fram án frekari úrvinnslu en gert er ráð fyrir meiri úrvinnslu síðar í tengslum við samburð við aðrar holur. Á mynd xx er jarðlagasniðið einfaldað og einkennandi jarðlög dregin fram. Samhliða einfaldaða sniðinu er dreifing ummyndunarsteinda sýnd. Hér á eftir er megindráttum jarðlaganna lýst og því helsta sem sést í ummynduninni:

0-34 m dýpi. Höggborshola

34-58 m dýpi. Fínkornótt - meðalgrófkornótt grásvart og grágrænt basalthraunlög. Þrjú hraunlög sjást á þessum kafla. Oxun er við lagamótin og pýrít, zeólítar og kalsedon sjást.

58- 100 m dýpi. Grænleit móbergsbreksía eða túff er einkennandi niður á 80 m dýpi og þar fyrir neðan er breksía einkennandi með basalti í. Plagíóklasdílar eru algengir á þessum kafla og í neðri hlutanum sjást ólívindílar. Ummyndunarsteindir sem sáust voru kalsít, pýrít, e.t.v. kvars og zeólítar (analsím, skólesít/mesólít, stilbít og heulandít). Mikið af pýríti sást á mótum túffsins og breksíunnar og bendir til að þar hafi verið góð vatnsleiðni.

100-140 m dýpi. Mjög glerjað basalt, ljósgrænt til grásvart á lit og ummyndun nokkuð breytileg. Alls voru 8 aðskilin lög greind og þar af tvö dæmigerð hraunlög. Oxun sást á lagamótum og bergið er allt plagíóklasdílótt. Ummyndunarsteindir sem sáust voru kalsít, kalsedon, e.t.v. kvars, zeólítar(m.a. skólesít/mesólít, stilbít og heulandít), anhýdrít og pýrít.

140-154 m dýpi. Basaltrík breksía ljósgræn á lit og reyndist hún vera mjög hrungjörn og olli talsverðum töfum við borunina. Ummyndun var mikil og bar mest á ummyndunarsteindunum pýríti og anhýdríti. Athyglisvert var að ekkert kalsít sást á þessum kafla og sker þetta lag sig þannig frá lögnum fyrir ofan og neðan.

154-178 m dýpi. Mjög glerjað basalt og oxun all áberandi í því. Þarna sjást þunn vel kristölluð basaltlög og basaltbreksíur ásamt glerjaða basaltinu, en það síðastnefnda er valið sem samheiti fyrir allan kaflann. Ummyndunarsteindir sem sáust voru kalsít, kalsedon, e.t.v. kvars, zeólítar (analsím, skólesít/mesólít, stilbít heulandít), anhýdrít og pýrít. Á 172-174 m dýpi var mikil aukning í pýríti.

178-222 m dýpi. Móbergsbreksía og túff sundurskorin af þunnum basaltlögum. Efsti hlutinn er nokkuð breksíukenndur en ljósgrænt túff síðan ráðandi. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kalsedon, e.t.v. kvars, zeólítar, anhýdrít og pýrít. Hér fækkar nokkuð zeólítum og virðist sem það sé að hitna þó að háhitasteindir láta enn ekki á sér kræla.

222-272 m dýpi. Basalthraunlög einkenna þennan kafla. Efstu tvö lögin eru tiltölulega ferskleg að sjá og eru aðskilin að ljósgrænu ummynduðu túffi. Annars er bergið ljósgrátt - ljósgrænt á lit og nokkuð rauðlitað vegna oxunar á lagamótum. Allt bergið er plagióklasdílótt og á 250 m dýpi og fyrir neðan sjást ólivíndílar af og til.

272-305 m dýpi. Móbergsbreksía og túff. Bergið er ljóst á lit oftast með grænleitum blæ. Í efri hlutanum ráða breksíur en túff í þeim neðri. Allur kaflinn er gegnumstunginn af basaltlögum. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kvars, zeólítar og pýrít. Kvars sést í fyrsta skipti í holunni með öryggi við efri mörkin á þessum kafla. pýrít sést í miklu magni bæði við efri og neðri mörk kaflans.

305-345 m dýpi. Fínkornótt basalthraunlög. Að minnsta kosti 7 hraunlög sjást á þessum kafla. Bergið er að jafnaði grágrænt á litinn og nokkuð ummyndað. Oxun er á lagamótum. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kvars, anhýdrít, pýrít og vottur af zeólítum. Vatnsæðar eru meira tengdar þessum kafla en öðrum í holunni. Öflugasta æðin í holunni er við neðri mörkin en tvær aðrar sjást á 308 og 335 m dýpi og áberandi pýrít aukning við allar æðarnar.

345-370 m dýpi. Móbergstúff, ljósgrænt, pýrítríkt og ummyndað. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kvars, zeólítavottur, wairakít, anhýdrít og pýrít. Þarna sést wairakít fyrst svo að öruggt sé og zeólítar nánast horfnir.

370-382 m dýpi. Basaltrík breksía. Bergið er að jafnaði ljósgrænt vegna ummyndunarog rauðleitt að stórum hluta vegna oxunar. Breksiunni er skipt í tvennt af grænsvörtu grófkornótt plagióklasdílóttu basaltlagi. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kvars, wairakít, anhýdrít og pýrít.

382-410 m dýpi. Grófkornótt basalt. Bergið er grænsvart á lit og plagióklasdílótt. Oxun er áberandi efst og á 394 m dýpi. Frá 402 m niður á 410 m dýpi er mikið um basaltbreksíu og fínkornótt basalt. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kvars, wairakít, anhýdrít og pýrít. Pýrít er í miklu magni á 394 m dýpi.

410-420 m dýpi. Móbergstúff og grófkornótt basalt. Efri hlutinn samanstendur af ljósgrænu ummynduðu túffi, en neðri hlutinn er grófkornótt grænsvart basalt. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kalsedon, kvars, wairakít og pýrít. Kvars og kalsedon hafa yfirtekið zeólítinn skólesít á þann hátt að útlínur hans sjást enn.

420-476 m dýpi. Basaltbreksía. Bergið er allt mjög blöðrótt og glerjað og hluti kristallaður af og til. Bergið er nokkuð litskrúðugt og ber þar mest á rauða litnum vegna oxunar niður að þunnu basaltlagi á 456-460 m dýpi. Oxunin er til staðar áfram niður í botn þó hún sé ekki jafn áberandi. Allur þessi kafla er plagióklasdílóttur. Ummyndunarsteindir sem hér sjást eru kalsít, kalsedon, kvars, wairakít, anhýdrít og pýrít.

476-554 m dýpi. Móbergstúff. Bergið er að meginhluta ljósgrænt-hvítt útfellingaríkt túff. Á 480-484 m dýpi er meðalgrófkornótt hraunlag, ljósgrænt á lit vegna ummyndunar. Öðru hvoru sjást plagióklasdílar og á rúmlega 500 m dýpi sjást ólivíndílar. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kalsedon, kvars, wairakít, anhýdrít og pýrít. Á 516 og 540 m dýpi er áberandi meira af pýríti en annars staðar.



554-588 m dýpi. Basaltrík breksía. Bergið er litskrúðugt svipað því sem er á 420-476 m dýpi. Það er blöðrótt og glerjað og nánast rautt vegna oxunar. Ummyndunarsteindir sem sjást eru kalsít, kvars, wairakít og pýrít. Veruleg pýrít aukning er á 580 m dýpi. Á 568 m dýpi var borað niður einhvers konar æðakerfi og virtist holan vera nokkuð vel opin þaðan og niður í botn. Það ber að hafa í huga að mikill þrýstingsmunur var á milli holunnar og gufupúðans út í berginu og hefur því varla þurft merkilegar opningar til þess að allur skolvökvi tapaðist.

588-612 m dýpi. Meðalgrófkornótt baslat. Bergið er ljósgrænt og nokkuð ummyndað. Sömu ummyndunarsteindir sjást hér og að ofan.

Hér á undan hefur jarðlögum og ummyndun verið lýst í grófum dráttum og byggir lýsingin á svarfgreiningunni, sem gerð var á meðan borun stóð yfir, og jafnframt voru jarðlagamælingarnar sem mældar voru í borlok hafðar til hliðsjónar. Síðar meir verður þetta unnið nákvæmar með hjálp þunnsneiða og röntgengreininga. Ástæða er til að benda á að skoða nánar kaflann á 300-350 m dýpi, þar sem óvenju hátt útslag kemur fram í gammamælingunni.

Ef bergið er skoðað sérstaklega á 140-150 m dýpi, þar sem sífellt hrun átti sér stað, og olli miklum vandræðum, þá kemur eftirfarandi í ljós:

Bergið samanstendur af basaltríkri breksíu.

Ummyndun er að öllu leyti eins og fyrir ofan nema hvað kalsít vantar.

Basaltrík breksía er víðar í holunni án þess að hafa valdið vandræðum. Aftur á móti er aðeins einn annar staður í holunni þar sem ekkert kalsít greindist eða á tæplega 100 m dýpi einnig í basaltríkri breksíu. Mögulegt er að kalsítið verki það sterkt við að líma saman bergið að skortur á því hafi valdið vandræðum. Sú skýring gildir ekki ef horft er til kaflans á tæplega 100 m dýpi, en lítið reyndi á þann kafla þar sem holan var komin í fóðringardýpi í nákvæmlega 100 m. Ástæða er til að greina leir úr þessum kafla og athuga hvort leirgerðin gæti varpað skýrara ljósi á þessar hugleiðingar.

Til hliðar við jarðlagasniðið á myndum x og xx er pýrít merkt sérstaklega ef mikið sést af því. Það er gert vegna þess að viss fylgni er milli vatnsæða og pýrítis, þannig að mikið magn af pýríti gefur til kynna að öflugar æðar hafi verið þar til staðar eða eru þar enn. Skýringin á því er í sjálfu sér einföld þar sem jarðhitavökvinn er oftast ríkur af H<sub>2</sub>S. Við það að H<sub>2</sub>S oxast gengur það í samband við járn og myndar brennisteinsúlfið eins og pýrít. Ef dreifing pýrítis er skoðuð á mynd xx þá sést að það er nánast samfellt niður alla holuna og gefur þá til kynna að jarðhitavökvi hafi verið á ferðinni alveg til yfirborðs. Aðrar steindir hafa einnig vissa sögu á bak við sig eins og t.d. anhýdrít gefur til kynna að sjór hefur leikið um svæðið eða SO<sub>4</sub> ríkur vökvi. Fyrsta greining á kvasi gefur til kynna lágmarkshita um 180 °C og kvars og wairakít saman gefa til kynna lágmarkshita um 200 °C. Epidót sást ekki og bendir það til þess að hitinn í holunni nái ekki 230 °C.

Eins og getið var um hér að framan þá var erfitt að átta sig á skalbreytingum í holunni meðan á borun stóð, sérstaklega í neðri hlutanum, þar sem vatn var látið renna á holutoppinn meðan á borun stóð. Á meðan borun stóð og í lok borunar var holan hitamæld og koma fram á þann hátt einna öruggustu vísbendingar um æðarnar í holunni. Áður hefur komið fram að holan er boruð ofan í gufupúða sem hefur rúmlega 30 bar þrýsting. Það þýðir að meðan á borun stendur þá koma æðar inn með sjálfrennsli niður á 300-350 m dýpi, þar neðan við tapast skolvatnið út í bergið. Í jarðlagalýsingunni er gerð grein fyrir helstu æðum í holunni en til frekari glöggvunar eru þær listaðar hér á eftir í töflu z.

Tafla 1. Staðsetning á æðum í holu HSH-14.

Dýpi m	Vísbendingar
68	Hitamæling og ummyndun
135-145	Hitamæling og ummyndun
180	Hitamæling og ummyndun
190-205	Skolaukning, hitamæling og ummyndun
305	Hitamæling og ummyndun
335	Hitamæling
340-350	Skoltap, hitamæling og ummyndun
568-612	Skoltap, hitamæling og ummyndun

## 5. BORHOLUMÆLINGAR

Í töflu 3 bls.13 er gefið yfirlit um borholumælingar í holu HSH -14. Alls hafa verið gerðar 45 mælingar og aðgerðir í holunni fram til 4. mars 1993. Hitamælingar eru flestar, 21 en síðan koma 11 þrýstimælingar og 6 víddarmælingar. Heildarlengd mælinga er alls rúmlega 12 km.

### TAFLA 3 bls.13 : Yfirlit um borholumælingar í HSH-14.

Á myndum 12 - 16 bls. 22 - 27 eru sýndar jarðlaga- og víddarmælingar. Nánari lýsing halla, hita-, þrýstimælinga og þreppprófs fer hér á eftir.

#### 5.1 Hitamælingar

Á myndum G-1, G-2 og G-3 bls.28 - 29 , eru sýndar hitamælingarnar sem safnað var í borun holu HSH-14.

Mynd G -1 bls.28 : Hitamælingar í HSH-14 fyrir fóðrun í 98 m.

Fyrsta myndin, G-1, sýnir hitamælingar sem voru gerðar fyrir fóðrun í 98 m. Um 2 l/s ádæling var á holuna í öllum mælingunum og einkennast mæliferlarnir af henni. Þó verður hitnun við 45 og 65 m dýpi þegar dælt var holutoppinn. eru þar væntanlega smáæðar sem hirtu 2 l/s ádælinguna. Sárálítið rann um holuna neðan 65 m sbr. kafla 3.

Mynd G-2 bls 29 : Hitamælingar í HSH-14 milli fóðringa í 98 og 196 m.

Á mynd G-2 koma svo 10 hitamælingar gerðar í borun fyrir vinnslufóðringu í 196 m. Flestar voru mælingarnar gerðar í tengslum við hrun sem var í holunni á 130 -150 m dýpi. Þá var ádælingin heldur meiri en á mynd G-1, eða 5 -10 l/s meðan þrýstingur á toppi var 8 -10 bör. Sem fyrr var holan köld að efstu æð sem, þegar hér var komið sögu, var í stórum skáp á 135 -145 m. Jafnframt sést í hitamælingum frá 9. febrúar að önnur æð er í u.þ.b. 180 m dýpi. Neðan hennar tók holan við sárálitlu vatni.

Mynd G-3 bls. 30 : Hitamælingar í HSH-14 eftir borun í 612m.

Mynd G -3 sýnir svo mælingar sem gerðar voru eftir borun HSH -14 í 612 m. Um 49 l/s ádæling er í fyrstu 4 mælingunum en hefur minnkað í um 25 l/s í síðari hitamælingunni frá 19. febrúar 1993. Holan hafði opnast og var vatnsborð á um 60 -70 m. Myndin sýnir að millirennslí er í holunni og streymir inn um æðar á 205, 305, 335, 340 -350 m, útrennsli er svo við holubotn á 612 m. Ekki er hægt að greina milli æða neðan við 350 m því þrýstingur í holunni var ætíð hærri en úti í bergi. Þó er ljóst út frá skoltapi í borun að neðri æðasyrpan hefst í 568 m og gætu því fleiri æðar legið á dýptarbilinu 568 -612 m.

#### 5.2 Þrýstimælingar

Mynd G-4 bls. 31 : Þrýstimælingar í þreppprófun holu HSH-14.

Mynd G -4 sýnir þrýstimælingar sem safnað var í þreppprófun holu HSH-14. Mælt var í 25, 45 og 49 l/s ádælingu. Myndin sýnir að holan er ágætlega opin og breytist þrýstingur í henni um einungis 1-2 bar milli 25 og 49 sekúndulíttra dæluprepanna. Ljóst er af skoðun mynda G -3 og G -4 að æðar ofan 350 m eru hærri í þrýstingi en vatnið í holunni. Virðist æðin á 340 -350 m stjórna þrýstingi í holunni (opnasta æðin) og var þrýstingur hennar um og yfir 27 bar þegar mælt var.

### 5.3 Hallamælingar

Tafla 2 gefur yfirlit um hallamælingar sem safnað var í borun HSH -14. Jafnframt er sýnt í töflunni hver orðin er uppsöfnuð, lárétt hliðrun holunnar í hverju dýpi. Mælt var með tveimur gerðum mæla, frá Jarðborunum og frá Orkustofnun. Síðarnefndi mælirinn mælir einnig hvert holan stefnir. Samkvæmt niðurstöðum mælinganna stefnir holan til SV og er holubotninn hliðraður um 30 m miðað við holutoppinn.

TAFLA 2 : Hallamælingar og lárétt hliðrun HSH -14.

Dýpi (m)	Halli (°)	Lárétt hliðrun (m)	Athugasemdir mælt
95	0,2	0,2	Í opinni holu
165	2,0	1,3	Í opinni holu
250	3,8	5,6	Í stöngum
(290)	2,8)		Í opinni holu, stefna 205° RV
400	4,0	15,8	Í stöngum
550	4,9	27,4	Í stöngum
550	4,9	27,4	Í opinni holu, stefna 230° RV
610		32,5	Framreiknað úr 550 m

### 5.4 Preparaþrófun

Síðasti liðurinn í borraransóknum á holu HSH -14 fólst í þrepaþælingu hennar. Hafist var handa að kvöldi 19. febrúar, eftir að leiðarinn var kominn í holuna. Ádælingin hafði þá verið tæpir 50 l/s í rúman sólarhring. Byrjað var á að hitamæla og um leið var segulnemi á hitamælinum notaður til að telja samskeyti á leiðaranum. Fékkst þannig á hreint fjöldi röra sem fóru í holuna. Að því búnu var neminn hífður í 570 m og hann stilltur á þrýstimælingu. Síðan var farið í að slá af ádælingunni í þrepum niður í 25 l/s og í lok prófsins var ádælingin keyrð á ný upp í 45 l/s í 5 l/s þrepum. Mynd G -5 bls.32 sýnir rennslis- og þrýstigögnin sem safnað var.

Upphaflega var fyrirhugað að mæla ádælinguna með tvennum hætti, annars vegar með því að telja slög á bordælum, en hins vegar með hljóðbylgjumæli sem festur var á "flowline" skammt frá holutoppi. Fljótlega kom í ljós að flowline annaði öllu vatni sem kom inn á borplanið. Var rennsli á holuna því stýrt með hljóðbylgjumælinum og 4" ventli sem tengdi flowline og holutoppinn. Reyndist sá búnaður harla vel og er nýjung. Áður hefur rennsli verið áætlað út frá snúningshraða og stimpilrými bordæla.

## Mynd G-5 bls.32 : Prepadæling holu HSH -14

Áður en tekið er til við túlkun þrýstisögunnar á mynd G -5, er rétt að minna á að æðar holu HSH -14 tengjast allar gufupúða sem er u.þ.b. 230°C heitur og er þrýstingur 28 -30 bar hvarvetna í honum. Því vekur strax athygli hve hár þrýstingurinn er á mynd G-5, eða 45 -48 bar. Það er 15 -20 börum hærra en þrýstingurinn úti í jarðhitakerfinu á þessu dýpi (570 m). Jafnframt sýnir það að lekt æðanna á 570 -610 m er fremur lág. Þá er ekki síður athyglivert á mynd G -5 bls.32 hve þrýstingur sveiflast lítið milli dæluprepa, sérlega í ljósi þess að neðri æðarnar í HSH -14 eru tregar. Er auðsýnt að æðin á 340 -350 m hefur ráðið þrýstingi í holunni meðan prófið fór fram og ýmist tekið við eða látið frá sér vatn allt eftir því hve miklu var dælt á holutoppinn. Má í því sambandi benda á mynd G -3. Hún sýnir að holan hitnaði smávægilega við 340 -350 m æðina þegar tæpir 50 l/s runnu á holuna en verulega eftir að ádælingin minnkaði í 25 l/s. Þetta samspil tveggja æða verður til þess að ekki er reynt að túlka dæluprófið með hefðbundnum tólum grunnvatnsfræðinnar. Þess í stað verður einungis metinn gæfnistuðull efri og neðri æða HSH -14. Mynd G -6 sýnir sýnir ádælingu á holutopp HSH -14 á móti þrýstingi á 570 m. Er þá valinn sá þrýstingur sem mælist í holunni 5 -10 mínútum eftir að ádælingu er breytt. Einnig er sýndur heildreginn feril sem er kallaður hér aflferill neðri æðanna. Aflferillinn byggir á eftirtöldum forsendum:

1. Ótruflaður þrýstingur við botnæð er 30 bar (rennsli 0 l/s).
2. Þrýstingur við botnæð er tæp 48 bar við 45 l/s rennsli (æðin á 340 -350 m í jafnvægi).
3. Þrýstimunur botnæðar og holu vex línulega með rennsli ( $\Delta P = A Q$  þar sem  $\Delta P$  er þrýstimunurinn,  $Q$  er rennslið og  $A$  er stuðull sem lýsir gæfni æðarinnar).

## Mynd 6 bls.33 : Þrýstingur á móti ádælingu á 570 m dýpi í HSH -14.

Ljóst er af mynd G-6 að mældu þrýstigildin eru í engu samræmi við línulega aflferilinn sem botnæðar HSH-14 ættu að fylgja. Þetta ósamræmi stafar af vatni sem bætist við ádælinguna úr æðum ofan 350 m. Þannig virðast koma til viðbótar í niðurrennslið um 17 -18 l/s úr efri æðunum þegar 20 l/s er dælt á toppinn (merkt með ör á mynd G -6). Rennslið úr efri æðunum minnkar síðan línulega eftir því sem ádælingin eykst og hættir svo við 45 l/s ádælingu þegar holuþrýstingurinn hefur vaxið um 2 bar. Því má ætla að gæfni æða HSH -14 þegar vatn kaldara en 60 °C leikur um þær fylgi samböndunum:

$$\text{Efri æðar} \quad m \sim (27 - P_{\text{noia}}) * 10$$

$$\text{Neðri æðar} \quad m \sim (30 - P_{\text{noia}}) * 2.5$$

þar sem  $m$  er vatnsrennsli í l/s frá bergi að holu og  $P_{\text{noia}}$  er holuþrýstingurinn í bar. Þetta grófa mat sýnir að efri æðar holu HSH -14 eru um fimmfalt gæfari en þær neðri. Því ber að líta á holuna sem gufupúðaholu sem vinnur fyrst og fremst úr æðum á 340 -350 m. Rétt er að benda á að ofangreindar reynslujöfnur gilda um rennsli vatns milli holu og bergs. Þær gilda ekki um gufustreymi því þá verður rúmmál og rennslishraði mun meiri og iðustreymistöp veruleg. Jöfnurnar þarf því að skala niður í samræmi við það. Hins vegar ætti innbyrðis munur í gæfni æðanna að vera áfram fimmfaldur.


TAFLA 3: Yfirlit yfir mælingar

Dags	Mæling	Upph. dýpi	Loka dýpi	Mældir metrar	Mæli tæki	Mælinga menn	Svuntu nr
08-DEC-92	Hiti	0	21	21	R47454	JH/GrB	12656
17-JAN-93	Hiti	0	76	76	R47453	HS/GrB	12688
	Hiti	0	76	76	R47453	HS/GrB	12689
	Hiti	0	98	98	R47453	HS/GrB	12690
	Holuvídd	0	98	98	R47453	HS/GrB	12691
25-JAN-93	Hiti	0	137	137	R47453	GrB/BS	12708
	Holuvídd	0	138	138	R47453	GrB/BS	12709
30-JAN-93	Hiti	0	183	183	R47453	GrB/BS	12716
	Hiti	100	183	83	R47453	GrB/BS	12717
	Hiti	0	134	134	R47453	GrB/BS	12718
	Holuvídd	0	134	134	R47453	GrB/BS	12719
03-FEB-93	Hiti	0	135	135	R47453	GrB/BS	12720
	Hiti	0	135	135	R47453	GrB/BS	12721
07-FEB-93	Hiti	0	144	144	R47453	GrB/BS	12723
	Hiti	0	144	144	R47453	GrB/BS	12724
	Holuvídd	0	144	144	R47453	GrB/BS	12725
09-FEB-93	Holuvídd	0	195	195	R47453	GrB/BS	12730
	Nifteindir	0	195	195	R47453	GrB/BS	12731
	Gamma	0	195	195	R47453	GrB/BS	12732
	Hiti	0	196	196	R47453	GrB/BS	12733
	Hiti	0	196	196	R47453	GrB/BS	12734
	Halli	95	550	455	R47453	GrB/BS	12735
18-FEB-93	Hiti	0	573	573	R47454	GrB/BS	12744
	Hiti	0	573	573	R47454	GrB/BS	12745
	Halli	0	550	550	R24585	GrB/BS	12791
19-FEB-93	Hiti	0	608	608	R47454	GrB/BS	12746
	Holuvídd	0	608	608	R47454	GrB/BS	12747
	Nifteindir	0	608	608	R47454	GrB/BS	12748
	Gamma	0	608	608	R47454	GrB/BS	12749
	Halli	290	550	260	R47454	GrB/BS	12750
	Hiti	0	599	599	R47454	HS/GrB	12751
	Prýstingur	496	599	103	R47454	HS/GrB	12752
	Prýstingur	496	570	74	R47454	HS/GrB	12753
	Prýstingur	570	570	0	R47454	HS/GrB	12754
	Prýstingur	570	570	0	R47454	HS/GrB	12755
	Prýstingur	570	570	0	R47454	HS/GrB	12756
	Prýstingur	180	570	390	R47454	HS/GrB	12757
	Hiti	180	599	419	R47454	HS/GrB	12758
20-FEB-93	Prýstingur	570	599	29	R47454	HS/GrB	12759
	Prýstingur	570	570	0	R47454	HS/GrB	12760
	Prýstingur	0	570	570	R47454	HS/GrB	12761
23-FEB-93	Prýstingur	0	594	594	R24585	Ómar/GuH	12762
	Hiti	0	594	594	R24585	Ómar/GuH	12763
04-MAR-93	Prýstingur	0	595	595	R24585	GrB/BS	12770
	Hiti	0	595	595	R24585	GrB/BS	12771
Alls m		4687	16946	12259			

Mynd 1


# ÞARNT \*AFN \*H\* - 1 4

Borun holu HSH-14



# Borun vinnsluholu HSH-14 með NARFA

Mynd 2





# ORKUSTOFNUN JHD


BORUN VINNSLUHOLU HSH-14 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 3

Snið holu með 7" raufuðum leiðara

1993-03-15 SBen útg. 3: 93-05-04

Dýpi mælt frá kjallarabrún



# ORKUSTOFNUN JHD

HOLUR SV-2, SV-3, SG-10, HSH 14 OG HSH-15 Í SVARTSENGI

Mynd 4

Jarðlagasnið niður í 612 m dýpi

1993-05-04 SBen

## JARÐLAGASNIÐ OG ÆÐAR

SKÝRINGAR: F BASALT, FERSKT

U BASALT, UMMYNDAD

G GRÖFKORNA BASALT, UMMYNDAD


M MÓBERG

E.Sv Ekkert svarf

B Basaltrík breksía

BB BLÓÐRÓTT BASALT

← ÆÐ




# ORKUSTOFNUN JHD

VINNSLUHOLA BORUÐ Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 5, 612 m vinnsluhola


Frágangur holu í verklok

1993-05-05 SBen



\*H14BBNR \*H\* - 1 4  
Holutoppur HSH-14

Mynd 6



841  
10" Class 900 RTJ  
855  
Holutoppur (Casing head)  
API 11" 3M RTJ  
(10" Class 900 RTJ)

# ORKUSTOFNUN JHD


BORUN VINNSLUHOLU HSH-14 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 7

Steyping 13 3/8" fóðringar

1993-01-16 SBen útg. 2: 93-03-13

Dýpi mælt frá kjallarabrún



Rúmmál steypu.

	l/m	x	m	=	lítrar
1.	80,6	x	25	=	2.015
2.	155	x	5	=	775
3.	(155-91)	x	67	=	4.288
4.	(160-91)	x	33	=	2.277
Umframmagn 100% af 2 og 3				=	5.063
			samtals=		14.418

Eftirdæling

5. 80,6 x 75 = 6.045

Dælt úr kari.

6045 lítrar/80 lítrar/cm = 75 cm

## STEYPUÁÆTLUN

(afköst @ 500 l/mín)

Rými fyrir steypingu fóðringar.

1. Innan í fóðringu.
2. Í opinni holu.
3. Milli holu og fóðringar.
4. Milli fóðringa.
5. Eftirdæling með vatni.

Fóðringin var steyppt með 23,3 tonnum af G-sementsblöndu mánudaginn 18. janúar kl 11:00. Steypa kom upp.

# ORKUSTOFNUN JHD


BORUN VINNSLUHOLU HSH-14 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 8

1. steyping í leka og skápa

1993-01-23 SBen útg. 2: 93-03-14

Dýpi mælt frá kjallarabrún



Borstengur:

Narfi 4" 5,65 l/m

Dofri 4 1/2" 7,4 l/m

Jötunn 5" 9,28 l/m

# ORKUSTOFNUN JHD


BORUN VINNSLUHOLU HSH-14 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 9

2. steyping í leka og skápa

1993-01-23 SBen útg. 2: 93-03-14

Dýpi mælt frá kjallarabrún



Borstengur:

Narfi 4" 5,65 l/m

Dofri 4 1/2" 7,4 l/m

Jötunn 5" 9,28 l/m

# ORKUSTOFNUN JHD


BORUN VINNSLUHOLU HSH-14 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 10

3. steyping í leka og skápa

1993-01-23 SBen útg. 2: 93-03-14

Dýpi mælt frá kjallarabrún



Borstengur:

Narfi 4" 5,65 l/m

Dofri 4 1/2" 7,4 l/m

Jötunn 5" 9,28 l/m

(afköst @ 500 l/mín)



# ORKUSTOFNUN JHD


BORUN VINNSLUHOLU HSH-14 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 11

